



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ [fuglavernd@fuglavernd.is](mailto:fuglavernd@fuglavernd.is)

Reykjavík 14.03.2018

**Bæjarstjórn Fljótshéraðs**

**Lynghálsi 12**

**700 Egilsstöðum**

**Vegna kynningar- og umræðufundar sem halda á fimmtudaginn 15. mars 2018 um möguleika á virkjun vindorku á Úthéraði.**

Fuglavernd lýsir yfir alvarlegum áhyggjum af hugmyndum um vindmyllugarð á alþjóðlega mikilvægu fuglasvæði við Hól á Úthéraði. Reynsla erlendis frá hefur sýnt að auðugt fuglalíf og vindmyllugarðar fara ekki saman og áhrifin geta verið mjög alvarleg fyrir fugla. Hólsland og nálæg votlendi á Úthéraði eru á skrá Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (VOT-A 3) og er einnig á IBA skrá Alþjóða fuglaverndarsamtakanna (BirdLife International) um mikilvæg fuglasvæði. Við mótmælum þessum hugmyndum!

**Fyrir hönd stjórnar Fuglaverndar,  
Jóhann Óli Hilmarsson, formaður**